



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

32. tölublað 4. árgangur apríl 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja-**S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi **R**öng

Vissir þú að....

það eru 9 vikur í skólaslit?

Vísur í apríl á Kötlukoti.

Í apríl ætlum við að skoða sérstaklega **Æ** og **Au** og læra vísurnar um þá.

Ææ
Au og au

Áttu ær eða aur?

Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



Samskiptaboðorðin

Horfa (augnsamband)

Heilsa (einlægur áhugi)

Hlusta (veita athygli)

Hljóma (jákvæður raddblær)

Hrósa (hvetja)

Hjálpa (vera til staðar)



Kæra skólasamfélag

Þá erum við komin í páskafrí og við vonum að allir hafi það sérstaklega gott í fríinu og komi sprækir aftur í skólann 7. apríl. Framundan er þema um lífríki hafsins og m.a. verður opið hús föstudaginn 8. maí í tengslum við þemað. Við ætlum að vera mikið úti eftir páska og nota útieldunartækin okkar enn frekar. Við erum byrjuð að undirbúa næsta vetur, starfsár nr. 4 í nýjum skóla og m.a. stendur yfir innritun í 1. bekk eins og sjá má á heimasíðu og hér í fréttabréfinu. Starfsfólk verður að mestu það sama en helstu tíðindin eru þau að Krístrún hættir í kennslu eftir áratuga starf. Það verður sannarlega missir af svo reynslumikilli kennslukonu. Næsta verkefni er að setja saman stundaskrár og dagskipulag, huga að samsetningu hópa á leik- og grunnskólastigi og hverjir kenna hverjum hvað. Einhverjir nemendur flytja í burtu, aðrir koma í staðinn eins og gengur og gerist. Við erum bjartsýn og munum halda áfram að prófa okkur áfram og þróa skólann okkar með þeim sem standa okkur næst. Gleðilega páska!



Kveðja frá skólastjórnendum,

Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Innritun í 1. bekk skólaárið 2015-2016

Í Dalvíkurbyggð starfa tveir skólar á grunnskólastigi, Árskógar skóli (1. – 7. bekkur auk leikskólastigs) og Dalvíkurskóli (1. – 10. bekkur). Skólaakstur er í boði milli þéttbýliskjarnanna svo mögulegt er að barn frá Dalvík sækir skóla í Árskógi og öfugt. Þar sem valið er ykkar biðjum við ykkur góðfúslega að innrita barnið í annan hvorn skólann fyrir 15. apríl.

Innritun nýrra nemenda fer nú fram í gegnum rafræn eyðublöð á íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Vinsamlega farið á íbúagáttina á slóðinni <http://min.dalvikurbyggd.is> til að innrita nemendur í skólann.

Til að skrá sig inn á íbúagáttina þarf notandi að hafa Íslykil eða rafræn skilríki. Hafir þú ekki Íslykil [getur þú sótt um hann hér.](#)



Sund

Skólasund hefst aftur 7. apríl. Þá þurfa allir á grunnskólastigi og árgangur 2009-2010 að mæta með sundföt, sundgleraugu, sundhettu og handklæði næstkomandi þriðjudaga og föstudaga í stað leikfimisfatnaðar.



Litahegðun-upprifjun heima

Flestir eru **græni karlinn** eða vilja vera hann. Sumir þurfa aðstoð við að vera sá græni og tilvalið að æfa sig heima enda best fyrir mann sjálfan þegar manni líður vel. Allt er vænt sem...



Rauður

Vill ráða
Lemur
Meiðir
Segir ljótt
Er æstur

Líður illa

Gulur

Vill ráða
Truflar
Stríðir
Segir ljótt

Líður illa

Grár

Er leiður
Lætur aðra
krakka ráða
yfir sér
Fýlu-stjórnar

**Líður
frekar illa**

Grænn

Hlustar
Hjálpar
Er glaður

Líður vel



Til foreldra barna fædd 2009

Nú fer að líða að því að barnið ykkar hefji grunnskólagöngu. Foreldrar barna sem eiga að hætta fyrir sumarfrí verða að segja upp plássinu með mánaðar fyrirvara.

Annars er gert ráð fyrir því að barnið hætti við sumarfrí, síðasti dagur 10. júlí.

Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2014-2015](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>







náms**Á**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**öðing



Viðburðadagatal apríl 2015

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

		1 Frí grunnskólastig Ingibjörg Jóna 7.ára 	2 Skírdagur Lokað	3 Föstudagurinn langi Lokað	4	5 Páskadagur 
6 Annar í páskum Lokað	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21 Dótadagur Leik- og grunn 	22	23 Sumardagurinn fyrsti Lokað 	24	25	26
27	28	29	30			